

ar fyrir slíkum skaða og þeim, er hjer ræðir um. Løksins eruð þjer beðnir að greiða **123** mjer sem móttökumanni umræddrar peningasendingar upphæð hennar með 200 kr. og 28. júlí. rita upphæð þessa milli annara útgjalda í reikning yðar fyrir gjöldum póststjórnarinnar á þessu ári.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um vitagjald og af- greiðslugjald af skipum.* — Í brjefi frá 3. þ. m. hafið þjer herra sýslumaður spurt **124** 28. júlí.

1, hvort útlend fiskiskip og póstgufuskip, er fara kringum landið og því optar en 2svar sinnum fara fram hjá vitanum á Reykjanesi eigi að greiða vitagjald optar en einu sinni, meðan þau halda sjer við strendur landsins og ekki fara hjeðan til útlanda.

2, hvort skip, sem kemur á höfn, er sýslumaður er búsettur á, en hittir svo á, að sýslumaðurinn er ekki heima, en hefir farið eitthvað, og sett fyrir sig umboðsmann til að afgreiða skip, sje ekki skyldur til að greiða umboðsmanni þessum, það auka afgreiðslugjald, sem ákveðið er með 9. grein opins brjefs 28. desbr. 1836.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar það, er hjer segir.

Við 1. Orðin í upphafi 1. greinar laga 10. okt. 1879: «hvert það skip — — er leggst í höfn einhversstaðar á Íslandi» benda á, að eingöngu þau skip skulu talin gjaldskyld, sem koma frá útlöndum til Íslands, og sama virðist hafa vakað fyrir löggjafarvaldinu, þegar síðan er skipað svo fyrir, að gjaldið skuli vera hið sama, hvort heldur skipið fer fram hjá vitanum «að eins aðra leiðina eða fram og aptur». Þegar þar að auki er haft tillit til þess, að gjaldfrelsi íslenskra fiskiskipa beinlínis er bundið við, að þau eru á fiskiveiðaferðum, og engin ástæða er til að ætla að löggjafarvaldið hafi vilj- að hlífa þessum fiskiskipum fremur en öðrum skipum við að borga tjeð gjald, virðist mjer það liggja næst að ætla, að löggjafinn hafi viljað láta skip þau, sem koma hingað frá útlöndum, greiða vitagjald að eins einu sinni, meðan þau dvelja hjer við land, og án tillits til þess, hve opt þau fari fram hjá vitanum, á meðan þau dvelja hjer. Jeg get því eigi sjeð, að heimild sje til að heimta af póstgufuskipinu á strandsiglingum þess eða af útlöndum fiskiskipum á veiðiferðum þeirra, vitagjald optar en einu sinni frá því, að þau koma fyrst til landsins og fara hjeðan aptur alfarin í þeirri ferð.

Við 2. Gjaldið, er getur um í 9. grein tilskip, 28. desbr. 1836, er bundið því skilyrði, að skipið verði afgreitt af manni, er amtmaður hefir löggilt til að gegna afgreiðslum á höfn, er sýslumaður ekki er búsettur á. Jeg fæ því ekki sjeð, að sá umboðsmaður, er sýslumaður setur til þess í forföllum sínum að framkvæma þessi störf, þar sem sýslumaðurinn er búsettur, geti gjört tilkall til nefnds gjalds.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr landssjóði.* — **125** Í þóknanlegu brjefi frá 18. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt það til, að yður yrði 29. júlí. veitt vald til af peningaafgangi viðlagasjóðsins, sem ætlað er, að muni við lok reikningsársins 1879 nema hjer um bil 62000 kr., að veita lán að upphæð allt að 50000 kr., þannig að þegar reikningurinn fyrir nefnt ár er fullsaminn, verði gjörðar nánari tillögur um, hve mikið af hinni annari peningaeign landssjóðsins við byrjun yfirstandandi fjárhags- tímabils skuli gjört arðberandi, og á hvaða hátt.

Út af þessu er yður hjer með tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstafanar, að tillagan er hjer með samþykkt.